

Atvinnuvegaráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2026

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006

Hinn 2. febrúar síðastliðinn birti atvinnuvegaráðuneytið drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.). Frumvarpsdrögin hafa verið tekin til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.

Með frumvarpinu eru innleiddar tvær Evróputilskipanir sem báðar hafa verið teknar upp í EES-samninginn, þ.e. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2023/2775 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2101. Heildarmat SVP er að frumvarpið sé jákvætt skref í átt að nútímalegri, skilvirkari löggjöf um reikningsskil. Breytingarnar stuðla að aukinni samræmingu við alþjóðlegt regluumhverfi, draga úr óþarfa stjórnarsýsluálagi fyrir minni félög og auka skýrleika í framkvæmd laganna. SVP vilja í því samhengi ekki síst halda til haga mikilvægi síðastnefnds atriðis, þ.e. skýrleika. Breytingar á löggjöf sem er jafn mikilvæg og lög um ársreikninga, krefst þess að skýrleiki sé í fyrirrúmi. Því taka SVP, m.a. undir ábendingu í umsögn SA um nauðsyn þess að skýrt liggja fyrir hvað telst kerfislega mikilvægt fyrirtæki eða félag.

Hækkun viðmiðunarmarka við flokkun félaga er bæði tímabær og nauðsynleg. Þróun íslensks atvinnulífs og vöxtur fyrirtækja undanfarin ár hefur leitt til þess að gildandi mörk endurspeglu síður raunverulegt umfang rekstrar. Með hækkun viðmiðunarmarka færast flokkun betur í takt við efnahagslegan veruleika. Því fagna SVP fyrirhuguðum breytingum.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Kristinn Már Reynisson
lögfræðingur